

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 51 4. febrúar 1987, um veitingu
veiðileyfa til nýrra og nýkeyþtra fiskiskipa.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar getur ráðuneytið beitt eldri starfsreglum við mat á því, hvort um sambærileg skip sé að ræða skv. 1. gr. enda hafi samningur um kaup eða nýsmíði verið gerður fyrir 28. febrúar 1987 og ráðuneytinu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hafa borist beiðni um veiðileyfi fyrir nýtt eða nýkeypt skip eða Fiskveiðasjóði Íslands umsókn um lán vegna kaupa eða smíða á nýju skipi. Umsóknum um veiðileyfi eða lán skulu fylgja samningar um kaup eða smíði, fyrirkomulags- og útlitsteikningar ásamt smíðalýsingu ef um nýsmíði er að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 27 20. desember 1985, um sjónr fiskveiða 1986—1987 og laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. mars 1987.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið að banna U-beygjur á Reykjanesbraut sem hér greinir:

1. Við Bústaðaveg frá norðri til norðurs.
2. Við Smiðjuveg frá norðri til norðurs.
3. Við Stekkjarbakka frá suðri til suðurs.
4. Við Breiðholtið frá norðri til norðurs.

Ákvörðun þessi tekur gildi 10. apríl 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. mars 1987.

Böðvar Bragason.